

Rangárþing eystra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 25. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0026
LA

Efni: Skálasvæðið við Hrafninnusker. Breyting á deiliskipulagi.

Við er til erindis Rangárþings ytra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 10. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi á skálasvæðinu við Hrafninnusker.

Breyting deiliskipulags felst í breyttum lóðamörkum, þar sem lóð er stækkuð og gert er ráð fyrir einni lóð ásamt byggingarreit um núverandi byggingar á svæðinu. Með stækkun lóðar breytast lóðamörk og stærð deiliskipulagssvæðis, sem fer úr 1ha í um 1,42ha. Leyfilegt byggingarmagn á lóð er 280m² og helst það óbreytt frá núgildandi skipulagi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsbreytingar og gerir eftirfarandi athugasemdir. Skálasvæðið við Hrafninnusker er innan Friðlands að Fjallabaki sem var friðlýst 1979 og er svæðið einnig á núgildandi yfirlitsskrá yfir fyrirhugaðar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO. Laugavegurinn er ein vinsælasta gönguleið hálendisins og fer hún um Hrafninnusker sem er oft fyrsti áfangi gönguleiðarinnar úr Landmannalaugum. Mikilvægt er að staðið sé vel að þjónustu við göngufólk, sérstaklega er varðar öryggissjónarmið, en jafnframt þarf að tryggja að við innviðauppbýggingu verði öllu raski haldið í lágmarki til að skerða ekki landslag, náttúruminjar og upplifun göngufólks. Þær byggingar sem sýndar eru á skipulagsuppdraetti með breyttu deiliskipulagi hafa nú þegar verið reistar. Á skipulagsuppdraetti er einnig gert ráð fyrir bílastæði en Náttúrufræðistofnun leggur til að umferð vélknúinna ökutækja að skálasvæðinu verði ekki aukin frá því sem nú er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagsbreytingar.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur